



Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Mónósílan 40

LÝSING

Mónósílan 40 er eins og nafnið bendir til mónósílanefni, ætlað til þess að gera steinsteypu og múr vatnsfælinn. Mónósílan 40 inniheldur 40 % upplausn af virku efni. Efnið hentar vel á netsprungur og mikið veðraða málningu.

NOTKUN

Mónósílan 40 er notað á nýja og/eda ómálaða steinsteypu og múrhúð utanhúss, til þess að gera flötinn vatnsfælinn. Mónósílan 40 má einnig nota á hvers konar náttúrustein, múrstein o.fl. Það að sílanbaða málaða fleti þjónar ekki tilgangi nema í tilfellum þar sem um er að ræða háráðasprungna fleti. Mónósílan 40 hentar vel á netsprungur og mikið veðraða málningu.

Tæknilegar upplýsingar

Litir	Litlaust
Pakkningar	1,5 og 20 lítrar
Efnisnotkun	4-5 m ² /l
Eðlisþyngd	0,86 kg / l
Þurrefni	40% (rúmmál)
Þynnir	Mínerölsk Terpentina
Áhaldahreinsir	Mínerölsk Terpentina
Þurrktími	1-2 klst
Yfirmálun	Lágmark: 24 klst Hámark: Ekkert

UNDIRMÁLUN

Mónósílan 40 á að nota beint á steypu

YFIRMÁLNING

Málningarefni sem henta á flötinn, t.d. Brynja og Vitrexx.

ÁHÖLD

Lágþrýstisprautu, rúlla eða pensill.

VINNUTILHÖGUN

Flöturinn skal vera hreinn og þurr og a.m.k. mánaðar gamall. Fita, laust yfirborð, ryk, mold og önnur óhreinindi skulu fjarlægð. Bestur árangur næst með háþrýstipvotti og vandlegri burstun með strákústi. Mónósílan 40 er ætlað sem vatnsvörn á hreina og þurra steinsteypu. Eigi að mála flötinn eru bornar á 2 umferðir. Ef múrinn/steypan á að standa ómáluð eru ráðlagðar 3 umferðir. Bestur árangur fæst með því að nota lágþrýstisprautu (< 0,5 bar), t.d. eiturprautu án spiss eða málningarrúllu og hefja verkið neðst og vinna upp á við. Vinnuhraðinn skal vera slíkur, að 30 - 50 cm breiðu belti er haldið blautu í einu. Þannig er tryggð hámarksupptaka efnisins í hverri umferð. Á málaða fleti



verður að meta aðstæður hverju sinni. Efnisnotkun er háð gerð og ástandi flatarins, opin og gljúp steypa dregur meira til sín af efninu en lokuð og þétt steypa. Í upphafi verks má áætla 0,25-0,50 l/m². Við framkvæmd verksins kemur síðan í ljós hin raunverulega efnisnotkun.

ATHUGASEMDIR

- Mónósílan 40 heldur vatni frá smásprungum (netsprungum) allt að 0,3 mm að vidd. Stærri sprungur verður að gera við með öðrum hætti áður en verkið er hafið.
- Mikilvægt er að Mónósílan 40 sé geymt í vel lokuðum umbúðum, og gæta skal þess að það komist ekki í snertingu við vatn fyrir notkun.
- Mónósílan 40 hindrar á engan hátt viðloðun málningar við flötinn, sé rétt að verkinu staðið.
- Skilið tómunum umbúðum á næstu endurvinnslustöð.

VARÚÐARMERKINGAR

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.